

Björn Arne Sjöga
met teygju

St. H.

ÆTTAR- PÓSTURINN

7. árg.

mars 1995

1. tbl.

Ættarpósturinn kemur nú út eftir nokkuð langt hlje. Er einginn vafi á því að lesendur munu taka honum fagnandi enn sem fyr. Riti, sem bar nafnið Ættarlaukurinn og kom út fyrir áramótin, hefur verið breytt í fylgirit sem mun koma út eftir því sem þörf krefur. Rjett enn einu sinni skal á það mint að þetta er blað Skógargerðisættarinnar og hún á að láta sig það miklu varða.

Um þessar mundir er mikið að gerast á vettvangi ættarinnar. Það er verið að gefa út ættarbók sem verður hið merkasta rit og svo er mótið framundan í sumar. Þetta verður fjallað um í blaðinu. Lesið það gaumgæfilega.

Efni:

Um ættarbókina —> —> —> bls 2 —>

Um ættarmótið —> —> —> bls 3 —>

Um undirbúning —> —> —> bls 4 —>

Útvið sjóinn uni' eg líft,
oft flýr ró og næði

Verst er þó að heyra' ei hlýtt
hrynja úr spóa kvæði.

Hallgrímur Helgason frá Skógargerði

S ó l s k i n s d a g a r 1995

Það er altaf sólskin á Hjeraði, að minsta kosti við Bæjarásendann í Skógargærði. Þar verður ættarmótið sett laugardaginn þann 22. júlí í sumar. Þess er þó vænst að fólk verði komið á svæðið áður. Á undanförunum mótum hefur mátt líta mörg tjöld á Ættarflötinni á föstudagskvöldi. Til glöggvunar er þetta:

Laugardagur 22. júlí:

Kl. 1100: Setning.

Kl. 1300: Myndatökur. — Já það er kominn tími til að koma upp *Myndabók ættarinnar*. Nú verður gerð alvara úr því. Teknar verða hópmyndir af fjölskyldum og/eða ættliðum eftir fyrirfram gerðri fastri áætlun. Þessar myndatökur eru í teingslum við niðjatalið (sjá nánar 4. síðu). Þessi liður er líka hugsaður sem liður í að fólk kynnist. — Allir fylgjast af áhuga með myndatökunni!

Kl. 1500: Göngu- og skoðunarferðir. Þá verður m.a. hugað að ættarskógi.

Kl. 1800: Grill og skemtun sem stendur frameftir kvöldi.

Sunnudagur 23. júlí.

Kl. 1300: Boðið uppá ferðalag. Annaðhvort verður farið uppí Skriðdal eða Fljótsdal (nema hvortveggja verði). Stansað verður við kirkjuna á Ási í Fellum um 1700.

Kl. 2000: Hóf í Valaskjálfi á Egilsstöðum.

Þarf að undirbúa mótið? Já þess þarf. Þó er ekki reiknað með njörvaðri dagskrá. Það má ekki. Menn leggja bara sitt af mörkum án þess að stressa sig. Hópar hafa samt verið settir til að hugsa málið og þar ræður búseta. Við búum nefnilega ekki öll á sama stað, við Skógargærðisfólk. Við búum þó flest á þremur lanskvæðum: Á Hjeraði, á Akureyri og í Reykjavík. Utan þessara svæða eru að vísu þó nokkrar fjölskyldur og ber þar fyrst að telja Dagnýju á Sauðanesi og systkini norður þar. Þar er eiginlega fjórða svæðið.

Ættarmótið okkar bíður
Ættarflötin hulin snjó
Ættarlaukur út kom fríður
Ættarpóstur hætti, dó?

Ættartala, ættarfrétt,
ættartrje með limið þjett,
ættarfylgja, ættargripur,
ættaróðal, höfuð, svipur.

Sigríður Guðmundsdóttir

Ættarbók

Ritið geingur undir nafninu *Skógargærðisbók*. Önnur nöfn koma til greina og mega lesendur koma með uppástungur um það þegar þeir hafa lesið eftirfarandi lýsingu.

Bókin skiptist í 6 kafla og heitir sá fyrsti *Ættgærður*. Þar er fjallað nokkuð um forfeður þeirra Helga og Ólafar í Skógargærði, mest um Hallgrím í Stóra-Sandfelli og Margrjetu á Geirólfsstöðum en þau munu vera kunnust í þessum frændgarði. Með þessum kafla er birt Æfíkvæði Hallgríms og þáttur um Margrjetu eftir Bergþóru dóttur hennar. Kemur hjer strax fram eitt megineinkenni á frásagnarhætti í bókinni: Að láta fólkið, sem um er fjallað, tala sjálft.

Næst kemur kafla um *Skógargærði* og er þar lýst landinu og rakin nokkuð saga búsetu og byggínga. Þar er skotið inn sögum af þeim sem hjer undu lífi, huldufólksögum og ýmsu öðru efni sem tengist landi og búskap á jörðinni.

Þriðji kafla nefnist *Helgi Indriðason og Ólöf Helgadóttir*. Er þar rakin saga þeirra hjóna og börnum þeirra fylgt fram um 1910. Þessi kafla er að verulegu leyti byggður á brjefum þessa fólks og úr þeim birtir kaflar, styttri eða leingri. Þá er einnig skotið inn öðru efni eftir þá sem verið er að rita um. Hér fylgir svo á eftir kafla um þau *Skógargærðissýstkin*, börn Helga og Ólafar. Þar er einnig efni frá þeim sjálfum, einkum Gísla og Indriða.

Fimti kaflinn er *Niðjatal* þeirra Helga og Ólafar og líklega eru nú margir farnir að kannast við það. Þar verður seint bitið úr nálinni og er um þetta ramma-grein á 4. síðu.

Loks er að nefna *Ljóðabók ættarinnar* (6. kafla). Okkar ætt er skáldaætt eins og allir vita, og hjer birtist úrval af kveðskap hennar, alt frá Hallgrími í Stóra-Sandfelli, sem var að hálfu átjándualdar maður, til yngstu kynslóðarinnar.

Þessi ættarabók er mjög sérstæð. Hún er alt annað og miklu meira en þurar skrár um forfeður og niðja. Í henni er m.a. dregin upp forvitnileg mynd af aldamótakynslóðinni svonefndu — og alstaðar er fólkið sjálft látið segja söguna eftir því sem mögulegt er. Þetta verður mikil bók og merkileg. Hún er komin á útgáfustig og kemur til með að kosta einhverja penínga.

Innan skams verður farið að sá fna á skrifendum og þarf ekki að efa að viðtökurnar verða góðar!

Sólskinsdagar 95

Framkvæmdastjórn: Indriði Gíslason, Víkingur Gíslason, Smári Hermannsson.

Reykjavík: Gígja Hermannsdóttir Vesturgötu 23 Sími 13022 og henni til aðstoðar Dagný Bergþóra Indriðadóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Haukur Tómasson og Gunnar ~~Hallgrímsson~~ *Helgason*.

Akureyri: Gísli Sigurgeirsson og honum til aðstoðar Helgi Indriðason tannlæknir o.fl.

Hérað: Dagný Pálsdóttir, Ragnhildur Indriðadóttir o.fl.

Við Pistilfjörð mætti svo mynda fjórða hópinn undir forystu Dagnýar á Sauðanesi — nema hún kjósi að hafa samvinnu við N eða A.

Hjer hafa nokkrir verið nefndir en allir aðrir eru hvattir til að láta sig málið varða og liggja ekki á hugmyndum. Nú eiga sem flestir að leggja hönd á plóginn.

Ritstjóri ÆP mun gefa upplýsingar um stöðu mála þegar um er beðið.

Myndir og niðjatal

Ákveðið hefur verið að hafa í ættarbókinni myndir af elstu kynslóðunum. Er hjer með skorað á alla sem eiga í fórum sínum myndir að láta frá sjer heyra. Myndir af yngri kynslóðum verða ekki í bókinni nema þá sem hluti af hópmyndum.

Myndatökur verða aftur á móti í sumar á ættarmótinu og verða þær myndir gefnar út sem viðbætir við niðjatalið ef menn óska.

Ath

Með þessu blaði fá nokkrir afkomendur Gísla í Skógargærði senda rifu af niðjatalinu. Þeir verða að hafa samband fyrir 2. apríl ef þeir vilja koma að leiðrjettíngum. — Og ansiði þessu nú mínir kærur frændur! Það er ógaman að hafa í bókinni margar villur í fæðingardögum og slíku!.

ÆP Ritsjórn og afgreiðsla: Indriði Gíslason Barmahlíð 32, 105 Reykjavík. Sími 562 5743.
Fulltrúi á Hjerði: Dagný Sigurðardóttir Egilsstöðum.